

Nd.

945. Frumvarp

til laga um heilbrigðisráðstafanir um sölu mjólkur og rjóma.

(Eftir 3. umr. í Ed.).

1. gr.

Í öllum þeim kaupstöðum og kauptúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurhúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kauptúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurhúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.